



## Tillaga að nýjum innkaupareglum sendar til umsagnar

**Viðtakandi:** Innkaupa- og framkvæmdaráð

**Sendandi:** Innkaupaskrifstofa

---

Lagt er til að innkaupa- og framkvæmdaráð samþykki að tillaga að nýjum innkaupareglum Reykjavíkurborgar, ásamt greinargerð, verði send til umsagnar sviða innan Reykjavíkurborgar og auglýst á vef Reykjavíkurborgar.

### Greinargerð:

Innkaupa- og framkvæmdaráð samþykkti á fundi sínum 22. desember 2022 að fela innkaupaskrifstofu og embætti borgarlögmanns að hefja vinnu við endurskoðun innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Tillagðar nýjar innkaupareglur eru afrakstur vinnu sem hefur átt sér stað undanfarin ár við endurskoðun innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Markmið nýrra innkaupareglna er að auka á sveigjanleika fyrir kaupendur við innkaup í samræmi við heimildir laga um opinber innkaup sem og eftirlit innkaupa- og framkvæmdaráðs. Samhliða er þó aukið eftirlit með samningum er gerðir eru á grundvelli rammasamninga og gagnvirku innkaupakerfi. Þá eru reglurnar gerðar markvissari með því að sameina umfjöllun undir færri ákvæði sem og að vísa til laga um opinber innkaup um umfjöllun þegar við á. Um einstaka breytingar vísast nánar til meðfylgjandi greinargerðar.

Lagt er til að aflað verði umsagna um hinar nýju reglur. Þá er lagt til að þær verði auglýstar á vef Reykjavíkurborgar. Þannig gefst hagsmunaaðilum tækifæri til að veita umsögn. Að þeim fengnum verður unnið úr þeim og tillagan lögð fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð að nýju til samþykktar, eftir atvikum með breytingum.

Virðingarfyllst,  
Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir  
Skrifstofustjóri innkaupaskrifstofu  
Fjármála- og áhættustýringarsvið

Hjálagt:

Breytingatillaga að nýjum innkaupareglum Reykjavíkurborgar 2023  
Greinargerð með tillögum að nýjum innkaupareglum Reykjavíkurborgar 2023